

Viðstaddir

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kóp
Ómar Einarsson	ÓE	Rvk
Björg Fenger	BF	G.bæ
Rósa Steingrímsdóttir	RS	Hafn
Einar Bjarnason	MÁ	Skíðasvæðin
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Runólfur Þ. Ástþórsson	RÞÁ	VSÓ Ráðgjöf

14.10.2021

15239

Fundarritari

RÞÁ / runolfur@vso.is

Forfallaðir

Magnús Árnason
Margrét L. Gunnarsdóttir
Einar K. Stefánsson

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur fimmtudaginn 14. október 2021 kl. 9:15

1 Síðasta fundargerð

Fundargerð 5.10.21 samþykkt samhljóða.

2 Lyftur*Stólar með opnum bókum.*

Við endurgerð samninga var framleiðanda gert að hagræða í verkinu eins mikið og mögulegt var. Boðin var lausn vegna stólbaka fyrir stólalyftur beggja lyfta sem er sú hagkvæmasta á markaðnum en getur haft í för með sér ákveðið óhagræði í rekstri. Við vettvangsferð til Doppelmayr á dögnum mælti framleiðandi með að möguleiki með stóla með opnum bókum verði skoðaður.

MÁ sendi minnisblað 8.október varðandi kaup á opnum stólbökum í stólalyftur þar sem m.a. kemur fram álit umsjónarmanns Kónsins, álit sérfræðings Doppelmayr ásamt mati MÁ á aukaverkinu.

Umræður/ákvarðanir um aukaverk:

- Með þessari breytingu minnkar flatarmál baka um 11% og skv. prufunum Doppelmayr mögulegt að keyra lyftur við 15% meiri vindhraða
 - Opin bók þýða einnig minni sveiflur á stólum í vindi – EB vitnar í fyrri reynslu að með minni sveiflum sé minna álag á stálvíra og lyftuna sjálfa. Dæmi er um mikið viðhald á lyftum þar sem stólar sveiflast mikið.
 - Það er aukið öryggi með minni sveiflum á lyftustólum fyrir notendur,.
 - Með möguleika á að nota lyftu við meiri vind er möguleiki á að lyftan sé meira opin en ella.
- ⇒ Byggt á minnisblaði og ofangreindri umræðu telur verkefnahópurinn að samþykkja eigi aukaverkið. Kostnaðurinn við aukaverkið skv. minnisblaði er allt 9.millj. kr með vsk.

Í heildarframkvæmdinni er varðar lyfturnar er gert ráð fyrir 210 millj. kr í annað og ófyrirséð

Breytingar til að bæta útlit og vinnuumhverfi

Doppelmayr/ÍAV hafa lagt fram áætlaðan kostnað við að bæta dagsbirtu inn í botnstöðvum beggja lyfta ásamt að bæta útlit með lerkibitum á suðurhlíð og vestur gafl. RPÁ hefur lagt fram minnisblað þar sem aukaverkið er tekið saman.

- EB leggur til að plexi sé fært upp um ca 1,2 til 1,5 mtr
 - Lagt til að útbúnir séu frekari valkostir
- ⇒ RPÁ/EB er gert að ræða frekar við Doppelmayr/ÍAV um valkosti

Byggt á minnisblaði og ofangreindri umræðu telur verkefnahópurinn að samþykkja eigi aukaverk til að bæta dagsbirtu inn í botnstöðvar. Áætlaður kostnaður vegna beggja botnstöðvanna fyrir aukna dagsbirtu er allt að 3. millj. kr með vsk. Heildarkostnaður fyrir plexi og klæðningu er allt að 8,3 millj. kr með VSK fyrir báðar botnstöðvarnar. Endanleg útfærsla verði skoðuð og síðan farið yfir í verkefnahópi.

Aukaverk vegna verkefnisins verð kynnt á næsta stjórnarfundum SSH.

Undirskrift samnings

Samningur er tilbúinn til undirritunar og stefnt að því eftir miðja viku 42.

- ⇒ SSH mun undirbúa þetta frekar með viðeigandi kynningu á verkefninu við undirskrift.

Runólfur Þór Ástþórsson

Dreifing: Fundarmenn